Mánudaginn 27. janúar 1997.

Nr. 33/1997. **Baltic Group Ltd.**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Björgólfi Guðmundssyni
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1997, þar sem frestað er máli varnaraðila gegn sóknaraðila, þangað til lokið er rannsókn lögreglu á kæru varnaraðila á hendur Ingimar Hauki Ingimarssyni. Kæruheimild er í h-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað. Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með vísan til forsendna úrskurðar héraðsdóms verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Meðferð málsins er frestað vegna rannsóknar lögreglu á kæru varnaraðila á hendur Ingimar Hauki Ingimarssyni.

Sóknaraðili, Baltic Group Ltd., greiði varnaraðila, Björgólfi Guðmundssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1997.

Krafa stefnanda er sú, að viðurkennt verði, að gildur sé samningur um kaup sín á hlutabréfum í fyrirtækinu Baltic Bottling Plant í Pétursborg.

Reisir hann kröfu sína á samningi frá 24. mars 1995, er hann undirritar sem kaupandi og heldur fram, að Ingimar Ingimarsson undirriti fyrir hönd seljanda, stefnda í málinu.

Stefndi heldur því fram, að Ingimar hafi ekki undirritað samninginn. Annaðhvort sé undirritun hans fölsuð eða efni samningsins hafi verið sett á blaðið, eftir að Ingimar hafði sett nafn sitt á það. Þá er því og haldið fram, að Ingimar hafi ekki haft heimild til að selja hlutabréfin.

Stefnandi kærði Ingimar til Rannsóknarlögreglu ríkisins 10. desember sl. fyrir brot á 162. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Segir í kærunni, að stefndi hafi látið lögmann sinn leggja fram í dóminum skjöl, sem eigi að sanna umboðsleysið. Heldur stefnandi því fram, að meðal skjalanna séu fölsuð umboð og tilgangurinn með að leggja þau fram sé sá að sýna fram á, að Ingimar hafi ekki haft umboð til að semja við stefnanda.

Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal fresta máli, fái dómari um það vitneskju, að yfir standi opinber rannsókn vegna refsiverðs athæfis, og telja megi, að úrslit rannsóknarinnar geti skipt verulegu máli um úrslit einkamálsins. Atvik þau, sem að framan er lýst, eru með þeim hætti, að það getur skipt verulegu máli um úrslit einkamálsins, hver úrslit rannsóknarinnar verða, og er því óhjákvæmilegt annað en fresta máli þessu óákveðið eða þar til lokið er rannsókn rannsóknarlögreglu.

Úrskurðarorð:

Meðferð máls nr. E-3034/1996: Björgólfur Guðmundsson gegn Baltic Group Ltd., er frestað óákveðið eða þar til lokið er rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins á kæru stefnanda á hendur Ingimar Hauki Ingimarssyni.